

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 6. október 2003

um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteilíósis (*Marteilia refringens*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 3463)

(Texti sem varðar EES)

(2003/729/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003⁽²⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2003/378/EB⁽⁴⁾, er mælt fyrir um að tiltekin svæði á Írlandi teljist laus við sjúkdómsvaldana *Bonamia ostreae* og/eða *Marteilia refringens*.
- 2) Írland tilkynnti framkvæmdastjórninni í bréfi, dagsettu 24. júní 2003, um að *Bonamia ostreae* hafi greinst í Blacksod Bay við strandlengjuna í Mayo-sýslu, á svæði sem áður var talið að væri laust við þann sjúkdómsvald. Þetta svæði getur því ekki lengur talist laust við *Bonamia ostreae*.
- 3) Breyta ber ákvörðun 2002/300/EB til samræmis við það.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2002/300/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 130, 27.5.2003, bls. 27.

VIDAUKI

„VIDAUKI

SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL SJÚKDÓMSVALDANNA *BONAMIA OSTREAE* OG *MARTEILIA REFRINGENS* Í LINDÝRUM

- 1.A. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til *B. Ostreae***
- Öll strandlengja Írlands, að eftirtöldum sex svæðum undanskildum:
 - Cork Harbour
 - Galway Bay
 - Ballinakill Harbour
 - Clew Bay
 - Achill Sound
 - Loughmore, Blacksod Bay.
- 1.B. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til *M. Refringens***
- Öll strandlengja Írlands
- 2.A. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til *B. Ostreae***
- Öll strandlengja Stóra-Bretlands, að eftirtöldum svæðum undanskildum:
 - suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point
 - svæðið umhverfis ármynni Solent frá Portland Bill að Selsey Bill
 - svæðið með fram strönd Essex frá Shoeburyness að Landguard point.
 - Öll strandlengja Norður-Írlands
 - Öll strandlengja Guernsey og Herm
 - Svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílar frá meðalfjörmörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund
 - Öll strandlengja Manar
- 2.B. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til *M. Refringens***
- Öll strandlengja Stóra-Bretlands
 - Öll strandlengja Norður-Írlands
 - Öll strandlengja Guernsey og Herm
 - Svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílar frá meðalfjörmörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund
 - Öll strandlengja Manar.“
-